

ÖRNEFNANEFND

DÆJARSKIPTIÐUR FLOMNAJARAÐAR	
Númer: 201901124	Mótt: 25.2.19
Skjalag: 00.0	Dagg: 15.7.19
Afr: Siguñ	

Reykjavík 18. febrúar 2019

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Hornafirði


Efni: Umsögn um tillögu að nafni á nýju lóni framan við Hoffellsjökul

Örnefnanefnd barst erindi með tölvuskeyti frá Bryndísi Bjarnarson, upplýsinga- og umhverfisfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjörður, 12. febrúar sl., varðandi nafn á lóni sem myndast hefur framan við Hoffellsjökul og starfsfólk Vatnajökulspjóðgarðs hefur farið fram á að hljóti nafnið Hoffellslón. Fer sveitarfélagið fram á að Örnefnanefnd taki tillöguna til umsagnar.

Örnefnið Hoffellslón fellur vel að örnefnahefð í landinu. Tekið er mið af örnefni í nágrenninu í fyrra lið nafnsins og hinn síðari er lýsandi fyrir náttúrufrýrbærnið. Auk þess hefur lónið gengið undir þessu nafni í daglegu tali. Þó er sá hængur á að efsti hluti lónsins var áður jökulstíflað lón neðst í Efstafellsgili, austan við Hoffellsjökul, og bar nafnið Efstafellsvatn. Það er nú horfið vegna hopunar jökulsins. Örnefnanefnd fellst á tillöguna fyrir sitt leyti að því tilskildu að örnefnið Efstafellsvatn haldist á þeim hluta lónsins þar sem Efstafellsvatn var áður.

Örnefnanefnd bendir á að ráðherra örnefnamála, sem er mennta- og menningarmálaráðherra, þarf að staðfesta nöfn á nýjum náttúrufrýrbærum áður en þau eru skráð í opinbera gagnagrunna.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sigurðardóttir, formaður Örnefnanefndar